

lega leiðandi kostnað, þar á meðal í málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, landshöfðingjaritara Jóns Jónssonar og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 28/1880.

Hið opinbera  
gegn

Þorsteini Vigfússyni.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Norður-Múlasýslu 16. apríl þ.á., er Þorsteinn Vigfússon, þá á Skálanesi í Seyðisfirði, dæmdur fyrir ólöglega lausamennsku í 20 kr. sekt og til að greiða eitt hundrað á laundsvísu í peningum eptir gildandi verðlagsskár meðalverði, og eiga gjöld þessi að skiptast til helminga milli fátækra sjóðs Seyðisfjarðarhrepps og hreppstjórans í tjeðum hreppi; svo er hinn kærði og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað; en þessum dómi er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn kærði, sem er 29 ára að aldri, kom um sumarið 1877 austur á Seyðisfjörð úr Árnessýslu og var þar í vist í 2 ár, en á vinnuhjúaskildaga 1879 varð hann vistlaus og var sjálfs sín það vistarár, og hafði ofanaf fyrir sjer sumpart með sjóróðrum, sumpart með því að segja til börnum. Á hinn bóginn er það sannað undir rekstri málsins, að hinn kærði sje mjög svo heilsulítill og þoli enga stritvinnu; þannig hefur hlutaðeigandi læknir vottað, að hann vegna heilsulasleika eigi geti haft þunga vinnu eða vosbúð, og hið sama hafa ýms vitni borið, sem leidd voru í málinu, og síðara árið, sem hann var í vist í Seyðisfirði, varð

hann að fara úr vistinni sökum heilsuleysis, og fá sjer aðra hægari vist sem matvinnungur, eins og hann líka sumarið 1879, þegar hann var sjálfs sín, í 2 mánuði lá við rúmið, en batnaði nokkuð eptir að hann hafði leitað ráða hjá yfirlækninum á herskipinu Ingólfi, sem áminnti hann um að fara gætilega með sig og forðast vosbúð og kulda.

Eptir því sem þannig er upplýst um heilsufar hins kærða, verður hann naumast álitinn vistgengur, og virðist honum því ekki verða gefið að sök, þó hann ekki færi í vist á vinnuhjúaskildaga 1879, en reyndi heldur til að hafa ofanaf fyrir sjer á annan hátt, einkum þar sem ýmsir menn á Seyðisfirði höfðu falað hann til að segja til börnum þeirra næsta vetur á eptir. Ber því að dæma hinn kærða sýknan af kærur hins opinbera í þessu máli, en hins vegar virðist vera ástæða til að skylda hann til að greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið lögmætur og sömuleiðis sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Þorsteinn Vigfússon, á að vera sýkn af ákærur hins opinbera í þessu máli, en honum ber að greiða allan löglegan kostnað af því, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteds og landshöfðingjaritara Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.